

Listskýning íslenskra kvenna 1975

AÐ TILHLUTAN Sameinuðu þjóðanna hefur árið 1975 verið valið kvennaár, og hefur í því tilefni verið efnt til sýningar í Norræna húsinu á myndlist íslenskra kvenna. Þeir, sem þekkja

hina oddhögu, er skar biskupa-stafi í hvalbein?


A Þjóðminjasafni má líta altarisklaði, hökla og annan útsaum eftir konur fyrri tíma. Við vitum aðeins um nöfn örfárra af þessum

Myndlist

eftir VALTÝ PÉTURSSON


konum, en við þekkjum heldur ekki nöfn þeirra höfunda, er rituðu margar af merkilegustu bókum íslenskum. Hver veit nema konur hafi þar einnig átt hlut að máli? Þannig mætti lengi telja, og mér dettur síst í hug, að konur eigi minni þátt í tilveru íslenskrar listar en karlar.

Sýningin í Norræna húsinu er ekki sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Nokkrar sýningar, þar sem konur einar sýndu verk sín, hafa verið haldnar áður, en ég held, að fullyrða meg, að þessi sýning sé þeirra mest að vöxtum, og þar sem yfir 40 konur eiga verk á þessari sýningu, gefur það auga leið, að þessi sýning er sam- an sett á breiðum grundvelli, jafnvel of breiðum. Þarna eru málverk, grafík, höggmyndir, vefnaður, silfursmíði og keramik, batík, húsgerðarlist og steint gler.




Nr. 6: Málverk eftir Júlíönu Sveinsdóttur.

til íslenskrar listasögu, vita, að þáttur kvenna í sögu listarinnar hefur verið drjúgur, allt frá fyrstu tíð til þessa dags. Máli mínu til stuðnings nefni ég þann margbreytta og merkilega vefnað, sem við eigum bæði á innlendum söfnum og sums staðar erlendis. Það er einnig nokkurn veginn víst, að mikið af listaverkum hefur orðið tímans tönn að bráð, og því má slá föstu, að konur hafa unnið meir að listvefnaði en menn gera sér yfirleitt grein fyrir. Okkur er stundum gjarnt að nefna af forni list fyrst og fremst bókmenntir, útskurð og silfursmíðar, en það skulu allir hafa hugfast, að verk kvenna, útsaumur og vefnaður, eru ekki síður merkilegir listgripir, sem vitna um sérstæða og þróttmikla menningu fyrir á tímum. Og álit ég, að konur hafi síst verið afkastaminni í þeirri listgrein, er þær stunduðu mest, en karlar á sínu sviði. Það er og einnig kunnugt að kvenfólk stundaði útskurð og silfursmíði og gaf þar karlkyninu ekkert eftir, eða hver man nú ekki Margrétu



Nr. 12: Teppa eftir Ásgerði Búadóttur.




Nr. 19: Öldurót, bronsmynd eftir Gerði Helgadóttur.

Eins og sjá má af þessari upptalningu, kennir þarna margra grasa og misjafnt það, sem sýnt er. Allt eru þetta verk eftir lifandi konur, að undanskildum verkum þeirra Kristínar Jónsdóttur og Júlíönu Sveinsdóttur, en eins og alþjóð veit, voru þær báðar í tölu okkar fremstu listamanna, og ég sé ekki betur að þær standi sig með miklum ágætum á þessari sýningu. Þær eiga þrjú verk hvor á sýningunni, en yfirleitt eiga aðrir sýndur aðeins eitt til tvö verk, en af því leiðir, að sýning þessi er all sundurlaus og ójöfn. Þarna er að finna urmúl stíltegunda og óskildar, og verð ég að viðurkenna, að mér finnst íslenskar listakonur eiga skilið betra yfirlit af list sinni en þarna er að finna. Eg er ekki í minnsta vafa um, að hægt væri að koma saman verulega

merkilegri sýningu á list íslenskra kvenna, en þessi sýning virðist ekki nægilega hnitmiðuð og skilar því ekki því, sem efni standa til. Ekki veit ég ástæðu fyrir þessu, en það má ætla, að undirbúningur hafi ekki verið nægilega vandaður. Önnur skýring virðist vart hugsanleg.

Ekki ætla ég að tíunda listaverk sýnenda, enda ástæðulaust og yrdi heldur dræm lesning. Eg læt því þessar línur nægja, en ég held, að marga hljóti að fýsa eftir nánari kynnum af þessari sýningu. Þar er margt að sjá, og sjálf-sagt fyrir fólk að sýna áhuga sinn í verki á kvennaári. Að lokum vil ég minnst á nokkuð, er vakti undrun mína, þegar ég skoðaði þessa sýningu. Sú kona íslensk, sem einna mestan orðstír hefur getið sér erlendis sem og hér heima, á ekki eitt einasta verk á sýningunni. Það er auðvitað Nina heitin Tryggvadóttir, sem ég hér á við, og spyr sá, er ekki veit: Hvað veldur?



Sýning Ástríð- ar Andersen

Hamragarðar heitir félagsheimili samvinnumannanna við Hofsvalla-götu. Þar hafa verið haldnar nokkrar sýningar á undanförunum árum, og sannast að segja hefur þar verið nokkuð misjöfn framleiðsla á ferð. Þó hefur það komið fyrir, að þar hefur verið góð list á ferð, en nú er þar sýning, sem ég álit betri og skemmtilegri en flest það, sem áður hefur verið þar til húsa.

Ástríður Andersen hefur fengist mikið við að mála, og hún er langt frá því að vera byrjandi í listgrein sinni. Hún hefur áður haldið sýningu á verkum sínum, en ég hef ekki séð verk hennar fyrir á opinberum vettvangi. Maður er jafnan svolítið spenntur og kvíðinn, þegar til stendur að kynnst verkum þeirra, er maður hefur ekki áður komist í snertingu við. Til allrar blessunar er þessi kvíði stundum ástæðulaus, en það er líka skelfilegt á stundum að sjá, hvað manni er boðið að skoða. Í þetta sinn varð ég ekki fyrir vonbrigðum og það gladdi mig að sjá, hvaða árangur er þegar kominn í ljós í myndgerð Ástríðar Andersen. Það er varla hægt að kalla þessi verk Ástríðar stórkostleg, en þau hafa vissan menningarlegan blæ, sem skapast af meðfæddri tilfinningu og skóluðum vinnubrögðum. Þegar ég tek svo til orða, meina ég ekki, að Ástríður hafi löngum setið á skólabeck, heldur að hún beiti sjálfsaga og hemji hugdettur sínar innan þess ramma, sem listgrein hennar gerir kröfur til. Þetta er einmitt atriði, sem mörgum sést yfir, þegar þeir fíkra sig áfram á listasviðinu upp á eigin spýtur. Því er það svo algengt, að fólk taki sig alvarlega án þess að gera sér nokkra grein fyrir því, hvað það er, sem gerir málverk að list. Ástríður hefur átt þess kost að kynnst mörgu af því besta, sem er á ferð í myndlist nútímans, og hún hefur gert sér grein fyrir, hvað er hvað, og því eru verk hennar á þessari sýningu

Myndlist

eftir VALTÝ PÉTURSSON

langt frá því að vera fálm og kák eða steindauðar eftirlíkingar náttúru eða abstraktionar. Það er viðmót, reynsla og þekking listakonunnar sjálfar, sem er undirstaðan að þessum verkum, og þau eru útfærð með þeirri tæknilegu getu, er hún ræður yfir. Og tæknikunnátta er mikill liður í allri myndgerð, hverju nafni svo sem hún nefnist. Þessi þáttur er í fullkomnu lagi hjá Ástríði Andersen, og einmitt þess vegna tekst henni ýmislegt, sem við fyrstu sýn virðist svolítið léttmeti, en við nánari athugun kemur annað í ljós, sem nefna mátti fími í meðferð línu og forms.

Ástríður hefur næma tilfinningu fyrir litum og þegar best lætur, nær hún skemmtilegum áhrifum í myndir sínar. Sama gildir um formið og myndbyggingu yfirleitt. Blóm eru sérstakt viðfangsefni, sem virðist hafa Ástríði mjög vel. Sum af bestu verkum á þessari sýningu eru byggð upp af fyrirmyndum af blómum, en listakonan fer frjálfslega með fyrirmyndir og skapar þannig persónulegt viðhorf.

Það er ýmislegt sem betur hefði getað farið á þessari sýningu, en mér finnst, að of þröngt sé á þessum verkum í því húsnæði, sem sýningin er haldin í. Það er skoðun mín, að Ástríður hefði getað fengið miklu sterkari sýningu, ef ekki eins margar myndir hefðu verið sýndar og raun ber vitni. Það er alltaf nokkurt vandamál að búa þannig að listaverkum, að þau raunverulega fái að njóta sín.